

UPPLÝSINGAÖRYGGISSTEFNA ÍSFÉLAGS HF.

TILGANGUR OG UMFANG

Upplýsingaöryggisstefna félagsins lýsir áherslum stjórnenda Ísfélags í upplýsingavernd og öryggi í upplýsingavinnslu. Verja þarf upplýsingaeignir félagsins fyrir öllum ógnum, innri og ytri, af ásetningi, vegna óhappa eða af slysi. Fagleg samræmd vinnubrögð eru lykillinn að árangri og til marks um það er þessi upplýsingaöryggisstefna sett. Innleiðing og framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að starfsemi og þjónusta fyrirtækisins sé sem öruggust og rétt vinnubrögð viðhöfð.

Upplýsingaöryggisstefna Ísfélags tekur til öryggis á upplýsingaeignum félagsins og til allra upplýsinga í hvaða formi sem er og á hvaða miðli sem er. Stefnan tekur til umgengni, meðhöndlunar og varðveislu gagna í hvaða formi sem er og þeirra vinnuferla sem lúta að þjónustu og starfsemi á öllum starfsstöðvum Ísfélags.

Upplýsingaöryggisstefnan tekur jafnframt til húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða vistaðar sem og starfsmanna og samningsbundinna verktaka sem hafa aðgang að upplýsingum félagsins og starfsstöðvum Ísfélags.

STEFNA

Ísfélag skal stuðla að öryggi upplýsingaverðmæta með skipulögðu verklagi sem styður við samfelldan rekstur og lágmarkar rekstraráhættu.

MARKMIÐ

Markmið Ísfélags með upplýsingaöryggisstefnunni eru að:

1. Tryggja hámarks öryggi upplýsingaverðmæta ásamt upplýsingakerfa í eigu eða umsjón félagsins.
2. Verja upplýsingaverðmæti gegn óheimilum aðgangi, óviðeigandi notkun, uppljóstrun eða eyðingu á mikilvægum og viðkvæmum gögnum.
3. Áþreifanlegt öryggi sé tryggt á starfsstöðum félagsins og athafnasvæðum þess.
4. Koma á og viðhalda virkri vitund um upplýsingaöryggi hjá starfsmönnum og stjórn og þeim sem fá aðgang að upplýsingaverðmætum í starfi sínu fyrir félagið.
5. Stöðug og markviss vinna sé innan félagsins til að stuðla að umbótum og framkvæma reglulegt mat á áhættu svo hægt sé að meta hvort þörf sé á úrbótum á upplýsingaöryggi félagsins.

LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

Leiðir Ísfélagsins að ofangreindum markmiðum eru að:

- Halda skrá yfir upplýsingaeignir félagsins og flokka þær eftir mikilvægi í rekstri þess.
- Greina reglulega, með formlegu áhættumati, verðmæti upplýsingaeigna, viðkvæmni þeirra og ógnir sem geta stefnt þeim í hættu.
- Greina reglulega, með formlegu áhættumati, aðgengi að starfsstöðvum félagsins og eignum, viðkvæmni þeirra og ógnir sem geta stefnt þeim í hættu.

- Starfsmenn og þjónustuaðilar fá þjálfun og fræðslu varðandi upplýsingaöryggi og ábyrgð þeirra hvað það varðar.
- Fylgja öllum samningum sem fyrirtækið er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
- Áætlanir séu gerðar um samfelldan rekstur, þeim sé viðhaldið og þær prófaðar eins og kostur er.
- Frávik, brot eða grunur um veikleika í upplýsingaöryggi séu tilkynnt og rannsökuð.
- Að áhætta vegna vinnslu (meðferðar) og varðveislu upplýsinga sé innan skilgreindra áhættumarka.

ÁBYRGÐ

Ábyrgð við framkvæmd og viðhald upplýsingaöryggisstefnunnar skiptist á eftirfarandi hátt:

- Framkvæmdastjórn Ísfélags ber ábyrgð á upplýsingaöryggisstefnunni og endurskoðum hennar.
- Framkvæmdastjórn Ísfélags ber ábyrgð á framkvæmd upplýsingaöryggisstefnunnar og beitir til þess viðeigandi verklags- og vinnuferlum.
- Framkvæmdastjórn Ísfélags bera ábyrgð á því að gerðir séu samningar við verktaka og birgja svo framkvæmd stefnunnar sé fylgt.
- Stjórnendur bera ábyrgð á þeim upplýsingaverðmætum sem til verða í viðkomandi rekstrareiningu og að starfsmenn fari eftir þeim reglum og tilmælum sem gilda um öryggi upplýsinga.
- Stjórnendur Ísfélags setja reglur um aðgengi starfsmanna og samningsbundinna verktaka að starfsstöðvum félagsins.
- Allir starfsmenn Ísfélags bera ábyrgð á að þeim verklags- og vinnuferlum sem eiga að tryggja framkvæmd upplýsingaöryggisstefnunnar, sé fylgt.
- Starfsmenn Ísfélags skulu ábyrgjast að framkvæmd reglna um aðgengi viðskiptamanna, verktaka og birgja að starfsstöðvum félagsins sé með þeim hætti að hún tryggi að framkvæmd stefnunnar sé fylgt.
- Öllum starfsmönnum Ísfélags ber að vinna samkvæmt upplýsingaöryggisstefnunni. Þeim ber að tilkynna öryggisfrávik og veikleika sem varða upplýsingaöryggi. Þeir sem ógna upplýsingaöryggi Ísfélags eða viðskiptavina hans af ásettu ráði eiga yfir höfði sér málshöfðun eða aðrar viðeigandi lagalegar aðgerðir.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf. þann 25. mars 2024